

Ed. 407. Frumvarp til laga [210. mál]  
um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðist þannig:  
Sakadómur annast sjóferðapróf eftir 39. gr. siglingalaga nr. 66/1963, og fara þau fram að hætti opinberra mála.

2. gr.

2. mgr. 40. gr. laganna orðist þannig:  
Þegar halda skal sjóferðapróf, ber sakadómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf skal halda, aðvart um það.

3. gr.

Í 5. mgr. 40. gr. laganna komi orðið sakadómari í stað orðanna formaður sjódoms.

4. gr.

1. mgr. 41. gr. laganna orðist þannig:  
Sakadómur fer með rannsóknir og dæmir í opinberum málum út af sjóslysum og brotum á lögum þessum. Saksóknari getur þó ákveðið, að mál, er hann telur sérstaklega mikilvæg, skuli dæmd af siglingadómi. Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms, getur hann farið með rannsókn í því, hvort heldur af sjálfsdáðum eða að fyrirlagi saksóknara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp frumvarps um breyting á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í því frv. er lagt til, að sjó- og verslunardómur verði lagður niður. Hefur þótt eðlilegt, að sakadómur taki við sjóferðaprófum (sjóprófum) af þeim dómstóli. Allar greinar þessa frv. varða það atriði.